

Til borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Heimild til að hefja verkefni um sjálfsafgreiðsla og sjálfvirkni í sölu á aðgangskortum

Óskað er eftir að borgarráð heimili Þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd Íþróttá- og tómstundasviðs, að hefja verkefnið um sjálfsafgreiðsla og sjálfvirkni í sölu á aðgangskortum. Verkefnið gengur út á að kaupa inn og þróa lausnir til að einfalda sölu og afgreiðsluferla sundstaða og annarra afgreiðslustaða ÍTR. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu - hugbúnaður og ný upplýsingakerfi / verkbeiðnanúmer 218298.

Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá apríl 2022 til desember 2023 og er heildarkostnaður samkvæmt frumkostnaðaráætlun 77 mkr., þar af eignasjóður 42 mkr. og 35 mkr. í rekstrarkostnað til 10 ára.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Þröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Þróstur Sigurðsson, skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur.

Efni: Heimild til að hefja verkefni um sjálfsafgreiðsla og sjálfvirkni í sölu á aðgangskortum

Óskað er eftir að borgarráð heimili Þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd Íþrótt- og tómsundastandsviðs, að hefja verkefnið um sjálfsafgreiðsla og sjálfvirkni í sölu á aðgangskortum. Verkefnið gengur út á að kaupa inn og þróa lausnir til að einfalda sölu og afgreiðsluferla sundstaða og annarra afgreiðslustaða ÍTR. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu - hugbúnaður og ný upplýsingakerfi / verkbeiðnanúmer 218298.

Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá apríl 2022 til desember 2023 og er heildarkostnaður samkvæmt frumkostnaðaráætlun 77 mkr., þar af eignasjóður 42 mkr. og 35 mkr. í rekstrarkostnað til 10 ára.

Forsaga:

Íþrótt- og tómsundastandsvið setti verkefnið í forgang haustið 2021 og hefur það verið samþykkt í verkefnaráði Þjónustu- og nýsköpunarsviðs eftir greiningu. Eins og staðan er í dag geta notendur einungis keypt kort á afgreiðslustöðum ÍTR. Þeir eiga ekki möguleika á að sjá innistæðu korta sinna nema í gegnum aðgangskassa eða með samtali við starfsfólk í afgreiðslu viðkomandi staða. Þetta orsakar gjarnan raðir og álag sem hægt er að leysa með því að notendur geti keypt kort, fyllt á kort og keypt áskriftir eða árskort sjálfir á stafrænnan máta og valið að nýta símann ef að hentar. Stórir hópar eiga einnig rétt á ókeypis sundkorti en umsókn um það er flókin og ferlið handvirkt og krefst aðkomu þjónustustöðva, skrifstofu ÍTR og útgáfu / eftirliti á sundstöðum. Með því að sjálfvirknivæða ferlið er bæði hægt að veita betri þjónustu og auka rekstrarhagræði, svo þeir sem eigi rétt á slíkum kortum geti sótt um það á vefnum og nálgast eða fengið kort án þess að þurfa marga milliliði.

Greinargerð:

Miklar raðir myndast við Húsdýra- og fjölskyldugarðinn og sundlaugar á góðviðrisdögum sem veldur álagi á starfsfólk og kemur niður á upplifun gesta. Mikill tímasparnaður og hagræði felst í að gefa gestum kost á að afgreiða sig sjálfir með að kaupa eða fylla á kort, eða fara í áskrift



og draga þannig úr raðamyndun og töfum. Þarna myndast einnig tækifæri til að endurskoða þjónustuveitingu og framboð í framlínu afgreiðslustaða til lengri tíma litið.

Tilboð Reykjavíkurborgar um ókeypis kort fyrir ákveðna hópa er vannýtt og ferlið er ógagnsætt fyrir íbúann. Nauðsynlegt er að kynna það betur og gera aðgengilegra, helst sjálfvirkt með samþættingu við vefþjónustur. Vinna við að virkja kort þeirra sem hafa rétt á ókeypis korti er nú handvirk og fer í gegnum marga aðila (þjónustuver Velferðarsviðs, skrifstofu ÍTR, skrifstofu Vinnumálastofnunar). Ferlið er seinlegt og tímafrekt bæði fyrir starfsfólk og notendur en.

Eftirspurn notenda eftir stafrænum kortum sem hægt er að geyma í síma er töluverð og gerir það einnig kleift að hætta útgáfu plastkorta að mestu og draga þannig úr flækjustigi við afgreiðslu. Fyrir liggur tillaga að lausn byggð á núverandi kerfi sem uppfyllir þær tæknilegu kröfur sem ÍTR gerir. Lausnin samnýtir bæði núverandi afgreiðslukerfi og aðgangsstýringu.

Áætlaður heildarkostnaður vegna verkefnis sbr. samþykki borgarráðs þann 26. mars 2021 um heimild Þjónustu- og nýsköpunarsviðs að hefja verkefnaklasa í tengslum við stafrænar umbreytingar, er samkvæmt frumkostnaðaráætlun: 77 mkr., þar af eignasjóður 41,8 mkr. og 35 mkr. í rekstrarkostnað til 10 ára.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Kostnaðarstaður: 2101 Áhöld, tæki og búnaður: Stafræn umbreyting - hugbúnaður og ný upplýsingakerfi / verkbeiðnanúmer 218298.

Virðingarfyllst,

Þróstur Sigurðsson,

skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur